

# Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf



## Þrír sterkir stofnar standa að félaginu



Félag áhugamanna um Bátasafn  
Breiðafjarðar á Reykhólum



Æðarvé, félag æðarbænda



Reykhólahreppur

# Stofnun og Markmið



**Félag Áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum (FÁBBR)** var stofnað 31. ágúst 2006 og haldinn var framhaldsstofnfundur 11. júní 2008

Markmið félagsins er að:

**Safna, skrá, varðveita og sýna** muni og minjar sem hafa gildi fyrir sögu **báta, bátasmíða og siglinga** við **Breiðafjörð**.

Þá skal safnið stuðla að **nýsmíði súðbyrðinga**, veita þekkingu í því fagi eftir föngum og, efla **siglingakunnáttu** og halda til haga vitneskju um **gamlar siglingaleiðir** á Breiðafirði.

Þessum markmiðum skal ná með sýningum og fræðslu fyrir almenning í sérstakri samvinnu við skóla, með **námskeiðahaldi** og útgáfu **upplýsingaefnis**.

Safnið skal vera opið yfir sumarmánuðina og eftir þörfum á öðrum árstímum.

# Forsagan

**Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson** (1923-2014), skipasmiður í Hvallátrum hafði lengi haft áhuga á að bátarnir hans yrðu varðveittir á safni og var tilbúinn að gefa þá þangað.

Bátarnir sem AEA vildi gefa á safn voru teinæringurinn Egill, sem var smíðaður 1904 af **Ólafi Bergsveinssyni** (1867-1939) afa AEA, sexæringurinn Björg sem smíðaður var upphaflega (óvíst hvenær en líklega um 1880) sem seglbátur af **Bergsveini Ólafssyni** (1839-1899) langafa AEA og Súluna, lítill vélbátur sem smíðaður var 1939 af **Valdimar Ólafssyni** (1906-1939), afabróður AEA, og var sveinstykki hans en Valdimar dó 33 ára í maí 1939. Valdimar var einn afkastamesti skipasmiður þessara frænda og er talinn hafa smíðað yfir 20 báta á stuttri ævi auk þess sem hann kenndi fjölda nema þ.a.m. þá sem síðar stofnuðu Bátasmiðastöð Breiðfirðinga (Bátalón) í Hafnarfirði.

Frændi Aðalsteins og nafni **Aðalsteinn Valdimarsson** (1938-2013), sem búsettur var á Reykhólum, gerðist síðan helsti hvatamaður, ásamt börnum AEA, að því að FÁBBR var stofnað (2006) og var formaður þess fyrstu árin.

Núverandi formaður félagsins er Hafliði Aðalsteinsson sonur AEA.




Frumkvöðlar Eftirmynd Staðarskektunnar í smíðum. Við báttinn eru þeir af frumkvöðlum væntanlegs Bátasafns Breiðafjarðar, þau Hafliði Aðalsteinsson, Ásdís Thoroddsen og Aðalsteinn Valdimarsson. — Morgunblaðið/Hlynur Þór Magnússon



Hvallátur 1909, Egill með öll segl upp. ljósmynd: Haraldur Lárusson Blöndal



Sviðnur 1917. ljósmynd: Sæmundur Guðmundsson (1873-1955)



Teikning Bjarna Jónssonar af báti smíðuðum af **Bergsveini Ólafssyni** (1839-1899) í Bjarneyjum



*Þessi glæsilega smíði Bergsveins Ólafssonar er á Minjasafninu að Hnjóti við Örlygshöfn 91*

# Breiðfirskir bátar




„Höfuðeinkenni skipa með breiðfirsku lagi voru bogin stefni með miklum undirlotum, sem hentuðu vel við landingar í misjöfnum fjörum; léttleiki; töluverður ávali í öllum formum til þess að mæta kröppum sjó; útsláttur á skutum og því samfara góð viðtök, svo að jafnvel mátti sigla mikið jafnt í graföldu sem óðum sjó, einkum á undanhaldi og í bitahöfuðsbyr. En umfram allt einkennir mikill **formstöðugleiki** breiðfirska bátalagið, en hann er fólgin í því, að þau skip hafa jafnt undir farmi sem seglum mikið viðnám – uppdrift í þeirri síðu, sem þau hallast á. Neðstu umförin eru einnig nokkuð reist, en það skiptir máli fyrir sjóhæfni þeirra. Allt er þetta einnig talið til höfuðkosta víkingaaldarskipa. Á breiðfirsku skipunum er skeyting kjalar og stefnis og ennfremur banda með sama hætti og tíðkast hefur á víkingatímanum.“

*Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II, bls. 307.*

# Breiðfirskir bátar



**Baldur** var smíðaður í Hvallátrum árið 1936 af Valdimari Ólafssyni skipasmiði (1906-1939) fyrir Þórð Benjamínsson í Hergilsey. Þórður seldi bátinn 1971 Daníel Jónssyni, Dröngum Skógarströnd. Valdimar Jónsson bróðir Daníels gaf Félagi áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum (FÁBBR) bátinn eftir lát Daníels. Hafliði Aðalsteinsson endurbyggði Baldur á árunum 2011-12



# Breiðfirskir bátar



Ólafur, Björg og Baldur nýmálaðir og tilbúnir á Bátadaga 2012



# Breiðfirskir bátar

Teinæringurinn Egill í Hvallátrum



# Söfnunarstefna



- Mótuð hefur verið söfnunarstefna félagsins. Safngripir FÁBBR eru ornir allmargir.
- Má þar fyrst nefna margvísleg handverkfæri og tæki til báta- og málmsmíða, allt frá **Ólafi Teitssyni** í Sviðnum (1810-1892) og til okkar daga.
- Bátar í eigu eða umsjá félagsins eru rúmlega 30 talsins, þeir elstu frá seinni hluta 19 aldar.

## Skráning minja

- Skráning á minjunum og sögu þeirra er hafin.
- Fornminjasjóður veitti styrk á árinu 2015 til verksins.



Snittkassi frá Eyjólfí í Sviðnum



Eldsmíðaáhöld úr Hvallátrum, tång og löð



Lensidæla – fest neðan á bát. Sogkraftur tæmdi bátinn

# Sýningarhald



Skömmu eftir stofnun FÁBBR var gerður samningur við Reykhólahrepp um afnot húsnæði í eigu hreppsins “Gamla Mjólkurbúið á Reykhólum”

Haustið 2010 hófst samstarf FÁBBR, Reykhólahrepps og æðarræktarfélagsins Æðarvéa, sem rekið hafði Hlunnindasýninguna í sama húsi, um að sameina sýningarnar í eina.

Sumarið 2011 var síðan opnuð ný sýning á grunni gömlu sýninganna og fékk hún heitið **Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum**.

Sýningin er gluggi að skemmtilegum heimi fugla, báta og náttúrunytja Breiðafjarðar. Meðal annars fá gestir að kynnst æðarfuglinum á sérstakan hátt og fræðast um gömlu súðbyrðingana með breiðfirska laginu.

Á þessari lifandi sýningu er hægt að sjá stuttar og lengri heimildamyndir um lífið í Breiðafjarðareyjum, sem teknar voru um miðbik síðustu aldar. Sjá nánar: <https://www.facebook.com/pages/B%C3%A1ta-og-hlunnindas%C3%BDningin-The-Boat-and-gift-of-nature-exhibition/313189945482330?fref=ts>





# Bátadagar



FÁBBR hefur staðið fyrir Bátadögum fyrstu helgina í júlí á hverju sumri síðan 2008 utan 2013 er þeir féllu niður vegna veðurs.

Bátadagar FÁBBR hafa verið mörgum bátseigandanum hvatning til að standsetja bátinn og koma og sigla honum undir leiðsögn manna sem eru vanir slíkum bátum.

**Bátadagarnir hafa því stuðlað að einskonar “vakningu” í varðveislu súðbyrtra báta.**

Heimamenn hafa miðlað fróðleik um þá staði sem heimsóttir hafa verið, hefur það verið margt mjög áhugavert.


2008 voru mættir til leiks 6 karlar á þremur bátum og siglt um Akureyjar á Gilsfirði



# Bátadagar 2009




Siglt á 22 bátum og voru með í för 150 manns. Leiðin lá um Skáleyjar, Hvallátur, Svegneyjar og til Flateyjar.



# Bátadagar 2010



Sígt um Sviðnur, í Flatey og Hergilsey í fínu veðri með 50 manns á 11 bátum og tókst vel til.




# Bátadagar 2011



Siglingin tvískipt, 8 bátar fóru úr Stykkishólmi og sigldu í Rúfeyjar og Rauðseyjar og einn þeirra áfram til Reykhóla,


9 bátar fóru frá Reykhólum og sigldu um Reykhólaeyjar og í Akureyjar á Gilsfirði.



# Bátadagar 2012



Sigt frá Stykkishólmi um Suðureyjar  
14 bátar og 57 manns.




Siglt um Reykhólaeyjar að Hvalshaushólma þar sem talið er að Grettir og félagar hafi komið að landi með nautið sem Grettir bar síðan á bakinu heim að bæ. Þarna eru merki um naust og fleiri minjar. Síðan var siglt að Nóney sem er afar falleg stuðlabergseyja. Eftir að hafa skoðað Nóney var ferðinni fram haldið í átt að Miðjanesi og siglt að Miðjanesey og síðan með landinu um Staðareyjar og endað í höfninni hjá Stað. Vindinn herti heldur og var þetta 10-15 m/sek. Það reyndi því aðeins á og vélar í tveim bátanna biluðu smávegis

Á sunnudag var komið mun betra veður og um kl. 14 var siglt á 5 bátum og byrjað á því að sigla inn á Djúpafjörð og hann skoðaður, síðan var siglt inn í Þorskafjörð að Teigsskógi. Vegna sjávarstöðu var ekki hægt að fara þar í land og var þá siglt yfir að Laugalandi sem er eyðijörð við sunnanverðan Þorskafjörð




# Bátadagar 2014



# Bátadagar 2015



Sigt í blíðskaparveðri á 6 bátum að Skálmarnesi og þaðan  
að Svínanesi, Bæjarnesi, Skálanesi og síðan að Stað



# Námskeiðahald



FÁBBR hefur frá 2010 boði upp á námskeið í smíði súðbyrtra trébáta.

Nú eru námskeiðin haldin í samvinnu við Iðu fræðslusetur og haldin í nýju og glæsilegu húsnæði Iðu að Vatnagörðum 20

Kennsluna hafa annast Hafliði Aðalsteinsson og Eggert Björnsson stjórnarmenn í FÁBBR

Námskeiðin hafa verið haldin vor og haust og hefur þátttaka verið sæmileg og stundum góð.


Stefnt er að því að halda námskeið í seglasaumi og sögu þeirra í innan nokkurra ára.

Hafliði hefur auk þess verið duglegur að aðstoða menn við smíði og lagfæringar á súðbyrðingum.



# BÁTASMÍÐI

ARFUR FORTÍÐAR



LEIÐBEININGAR  
UM SMÍÐI Á 5-6 METRA  
SÚÐBYRÐING



## Námskeiðahald

Við kennsluna á námskeiðunum er notuð frábær kennslubók sem Eggert Björnsson á Patreksfirði stjórnarmaður í FÁBBR á mestan heiðurinn af en hann hefur teiknað allar myndirnar í bókina.

Bókina er hægt að fá keypta hjá félaginu.

### Teikningar og texti:

Eggert Björnsson í samvinnu við  
Hafliða Aðalsteinsson skipasmíðameistara

# Efnisyfirlit

1. Línuteikning
2. Bandaplan
3. Skapalón
4. Verkfæri
5. Stefni
6. Stefni - skeyting
7. Skapalón af eldri bátum
8. Skapalón sett á stokk
9. Kjalsíða
10. Kjalbekkur
11. Byrðingur – niðurskurður
12. Byrðingur
13. Byrðingur – klampaskeyti
14. Byrðingur – sniðskeyti
15. Svigabönd
16. Höggvin bönd
17. Árar
18. Stýri
19. Heiti

Staðsetning skapalóna:


1

2


3

4

5



# Línuteikning og Bandaplan



Við gerum ráð fyrir að teikningin sé í hlutföllunum einn á móti tíu. Þá er einn mm á teikningunni einn cm á bátnum.

Línuteikningin er strikuð niður í tuttugu mm ferninga. Þá er útbúið bandaplan sem er í þessu tilfelli krossviðarplata að stærð rúmlega hæð og breidd bátsins um miðjuna.


Platan er strikuð í tuttugu cm ferninga. Neðsta línan er kjöllína, neðri brún á kili. Lóðrétt lína kemur á miðja plötuna og svo til beggja hliða frá henni.

Ágætt er að nota sirkil til að færa málin af teikningunni yfir á málband. Við byrjum á bandi eitt, fremsta bandinu.

Það nær ekki niður að kjöl og því verður að mæla eftir miðlínunni frá kjöllínu og upp í neðri endann á því og merkja á bandaplan.

Síðan er mælt frá miðlínu lárétt út og frá kjöllínu lóðrétt upp til að staðsetja bandið.

# Bandaplan




# Útgáfumál o.fl.



- Kennslubók í smíði súðbyrðings
  
- Heimasíða
  - Batasmidi.is rúmlega 28 þús. Heimsóknir frá 100 löndum <http://www.batasmidi.is/>
  
- Facebook
  - Bátadagar á Breiðafirði
  - Bátasmíði
  
- Unnið er að því að skrá upplýsingar um muni félagsins.

# Kvikmyndagerð



Björg leiðarvísir í bátasmíði, smíði súðbyrðings frá kili að sjósetningu eftir Ásdísi Thoroddsen sem var lengi í stjórn FÁBBR

Súðbyrðingur - saga báts  
Heimildarmynd eftir Ásdísi Thoroddsen.

Gjóra ehf,  
Bergstaðastræti 28 A,  
101 Reykjavík,  
Iceland

S: + 354 552 4456  
FS: + 354 868 9771  
[http:// www.gjola.is](http://www.gjola.is)



# Kvikmyndagerð



Eggert Björnsson stjórnarmaður í FÁBBR er að taka upp kvikmyndir af kúfisk plægingu með Magnúsi Guðmundssyni í Tungu, Tálknafirði.

Ætlunin er að taka upp úr skeljunina, uppsetninguna á línunni, beitningu, þegar línan er lögð og hún dregin.

Vinnubrögðin eru slík eins og þau voru við höfð í lok árabátaaldar. Kvikmyndunin er þegar hafin og byrjað er að klippa.

Þá hefur Eggert einnig tekið upp veiðiferð í útsker Reykhólamanna þar sem veiddur var útselur.

Veiði og aðgerð var kvikmynduð. Verkefnið er í klippingu.

# Skinnsaumur



Sumarið 2010 lauk Eggert Björnsson við saum á skinnklæðnaði eins og sjómenn hafa notað í aldanna rás.

Hann var með öllu handsaumaður eftir gömlum búningi.

Hann hefur verið til sýnis á sýningunni hjá Alliance française í Reykjavík til að minnast franskra sjómanna við Íslandsstrendur og á sömu sýningu sem var haldin í Saint-Brieuc og víðar á söfnum á Bretagne-skaga og í Normandi.

Þá var klæðnaðurinn sýndur á Sauðárkróki, en sútunarverksmiðjan þar notað sérstaka aðferð til að fá rétta áferð á skinnið, þótt ekki hafi sú aðferð verið hefðbundin.

Forseti Íslands heimsótti Báta og hlunnindasýninguna 17. September 2013 og er hér að ræða við Eggert Björnsson



# Vélasafn Þórhalls Matthíassonar frá Litlabæ í Skötufirði

Flutt frá Akureyri til Reykhóla í september 2015 - um 100 vélar af 40 gerðum

| Fjöldi véla eftir vélagerð og fjöldi vélagerða |                     |
|------------------------------------------------|---------------------|
| 10                                             | Sabb                |
| 9                                              | Solo                |
| 8                                              | Albin               |
| 7                                              | Briggs & Stratton   |
| 7                                              | Stuart              |
| 6                                              | Volvo Penta         |
| 4                                              | Skandia             |
| 3                                              | Bukh                |
| 3                                              | Göta                |
| 3                                              | Hatz                |
| 3                                              | Sleipner            |
| 2                                              | ?                   |
| 2                                              | Lister              |
| 2                                              | Marna               |
| 2                                              | Penta Göteborg      |
| 2                                              | Petter              |
| 2                                              | Wisconsin           |
| 1                                              | AB Electrolux       |
| 1                                              | Bolinder            |
| 1                                              | Drott               |
| 1                                              | Ellwe               |
| 1                                              | Faryman             |
| 1                                              | FM                  |
| 1                                              | Ford                |
| 1                                              | Ford Mermid         |
| 1                                              | Gardner             |
| 1                                              | Göta eða Solo       |
| 1                                              | Kröve               |
| 1                                              | Kvikk               |
| 1                                              | Köhler              |
| 1                                              | Lombardini          |
| 1                                              | Neptune             |
| 1                                              | Q.M.                |
| 1                                              | Royal Enfield       |
| 1                                              | Röston              |
| 1                                              | Skrúfa frá Göta vél |
| 1                                              | Startmótor          |
| 1                                              | Stord               |
| 1                                              | Universal           |
| 1                                              | Victor              |
| 1                                              | Villers             |
| 1                                              | Witte               |
| 1                                              | YM                  |
| 101                                            | 43                  |

| Uppruni véla |               |
|--------------|---------------|
| 57           | Norðurland    |
| 24           | Vestfirðir    |
| 7            | Breiðafjörður |
| 6            | Vesturland    |
| 5            | Austfirðir    |
| 2            | Suðurland     |
| 101          |               |



# Sæbjörg BA 59

FÁBBR fékk styrk frá Uppbyggingasjóði Vestfjarða á árinu 2015 til að vinna að björgun Sæbjargar.

Vinnan er hafin, búið að hífa bátinn á land og loka honum og þurrka og taka vélina suður til endurbóta.


Stefnt er að því að gera hann sjófæran á ný.



# Draupnir BA 40

Draupnir sem er stærsti bátur sem Aðalsteinn í Hvallátrum smíðaði hefur sl. 20 ár verið í vörslu Safnasvæðisins á Akranesi.

FÁBBR tók bátinn yfir í 2. okt. sl. og var báturinn fluttur til Reykhóla og er þar við hlið systurskipisins Farsæls.



# Húsnæðismál



Frá upphafi hefur það verið draumur félagsmanna að fá húsnæði þar sem hægt væri að geyma og gera við safngripi.

Í dag eru safngripirnir dreifðir í mörgum geymslum og varla hægt að taka við fleiri bátum.

Núverandi húsnæði er mjög gott en of lítið til að hægt sé að sýna með sóma stærstu bátana.

Unnið hefur verið að endurbótum á húsnæðinu m.a. að koma upp starfsmanna aðstöðu í kjallara sem er forsenda fyrir leyfi til veitingasölu sem hefur verið vaxandi þáttur í rekstri sýningarinnar.

Árið 2010 bauð Flugmálastjórn féluginu að fá keypt fyrir lágt verð gamalt flugskýli sem staðið hafði ónotað á flugvellinum í Patreksfirði gegn því að félagsmenn rifu það og flyttu á brott. Félagið keypti skýlið sem er um 550 m<sup>2</sup> og reif það og flutti á Reykhóla. Ekki hefur fengist fé til að reisa skýlið en unnið er að því að skoða hvort ekki sé hægt að koma því fyrir við hlið núverandi húsnæðis og tengja síðan húsin saman.

Það eina sem vantar er fé, viljinn er til staðar.



# Húsnæðismál



Forsvarsmann **Faxaflóahafna** hafa verið svo vinsamlegir að lána félaginu aðstöðu að Korngörðum 5 í Reykjavík og þar höfum við getað geymt báta, sinnt viðgerðum og haldið námskeið.

Einnig hefur Vesturbyggð lagt til geymsluhúsnæði fyrir nokkra báta á Patreksfirði



# Erlent samstarf - Noregur



Óskað hefur verið eftir því að Hafliði Aðalsteinsson skipasmíðameistari og formaður FÁBBR komi til Noregs og smíði Íslandsbát. Fjögurramanna far.

Búið er að fjármagna verkefnið og stefnt að því að þetta geti orðið að veruleika vorið 2017.



Hanus Jensen frá Færeyjum smíðaði Færeyskt fjögurramanna far á árinu 2015

# VERNDARÁÆTLUN FYRIR BREIÐAFJÖRÐ

2014-2019

Undirrituð í apríl 2015



UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Verndaráætlun Breiðafjarðar er hér með staðfest

Umhverfisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir

## Starf FÁBBR er metið að verðleikum

### 4.8 Menningarminjar (bls. 51)

Markmið: Að tryggja verndun menningarminja a verndarsvæðinu.

### Verndun báta (bls 52)

Þegar samgöngur á landi voru enn frumstæðar gat verið mun fljótlegri að ferðast um á báti og það nýttu Breiðfirðingar sér óspart. Sjólag á Breiðafirði er ólíkt því sem gerist annars staðar og ekki síst þess vegna var hið breiðfirska bátalag þróað. Það einkennist m.a. af bognu stefni, léttleika og ávöllum formum, auk þess sem skeyting kjalar, stefnis og banda er með sama hætti og tíðkaðist á landnámstíma. Fremur fáir bátar með þessu lagi eru enn sjófærir en æskilegt er að stuðla að varðveislu þeirra. Nú er unnið ötulum höndum við að vernda breiðfirskt bátalag og verkkunnáttu við smíði slíkra báta í Bátasafni Breiðafjarðar á Reykhólum en upphafsmaður þess var Aðalsteinn Aðalsteinsson báta- og bryggjusiður úr Hvallátrum á Breiðafirði.

### Aðgerðir:

- » Breiðafjarðarnefnd styrki áfram ritun á sögu Breiðafjarðar.
- » Mikilvægt er að gerð verði áætlun um fornleifaskráningu í Breiðafjarðareyjum.
- » Lokið verði gerð reglugerðar um menningarsögulegar minjar á Breiðafirði árið 2014.
- » Haldið verði áfram skráningu og kortlagningu örnefna á verndarsvæði Breiðafjarðar m.a. í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar.
- » Gerðar verði aðgengilegar upplýsingar um búsetumynstur í eyjum.
- » Að stutt verði við varðveislu báta með breiðfirsku lagi og verkkunnáttu við smíði þeirra.